

Skýrsla Menntanefndar LH 2022

Í menntanefnd sitja: Aníta Aradóttir, Herdís Reynisdóttir, Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir og Þórir Magnús Lárusson, en formaður nefndar er Mette Mannseth. Fundir voru þó nokkrir í upphaf tímabilsins, en þeir voru fáir síðasta hálfu árið.

Trainer of the year

Nefndin sá um að tilnefna Sara Arnbro fyrir Íslands hönd í kosningu FEIF um “Trainer of the year 2020”. Þetta var byggt á tilnefningar og í framhaldi kosningar á netinu.

Úr greinagerðinni:

“Sara Arnbro er reiðkennari ársins 2021 á Íslandi.

Sara er frá Svíþjóð en hefur búið á Íslandi undanfarin 20 ár. Hún er menntaður reiðkennari frá Háskólanum á Hólum og rekur ásamt eiginmanni sínum Lalla reiðskólann Ysta-Gerði þar sem þau rækta, þjálf og kenna. Reiðskólinn Ysta-Gerði í Eyjafjarðarsveit var með yfir 150 skráningar á reiðnámskeið 2021 og hefur stækkað mikið undanfarin ár. Nemendur þeirra eru mest börn á aldrinum 5-16 ára. Sum þeirra eru með ADHD, einhverfu eða haldin kvíða og eru reiðnámskeiðin búin að vera mikilvægur þáttur í vellíðan þeirra á Covid tímum. Sara kennir mest í gegnum leiki og læra börnin að vera með gott jafnvægi og góða stjórn á hestunum í gegnum það. Reiðskólinn Ysta-Gerði er þekktur fyrir að vera persónulegur, öruggur og og skemmtilegur þar sem börn hafa náð að láta ljós sitt skína og hafa gaman.

LH telur að Sara sé frábær fyrirmynd um hvað er mikilvægt í hestaheiminum.”

Alþjóðleg menntaráðstefna 2021

Langmesta vinna nefndarinnar 2021 fór í að skipuleggja og útfæra rafræna menntaráðstefnu í haustið 2021. Fyrirlesarar eru með þeim fremstu í heiminum á sínum sviðum og var sótt í vísindamenn og reiðkennara. Markmið ráðstefnunnar er að geta tekið upplýsta afstöðu til reiðmennsku og líkamsbeitingu hestsins. Meðfram ráðstefnunni var facebook-hópsíða þar sem þátttakendur geta rætt málin og einnig spurt fyrirlesarana spurninga. Síðasta kvöldið var pallborðsumræður þar sem sumt af okkar fremsta fólki innan Íslandshestaheimsins tók þátt og mynduðurst mikilvægar umræður og ólíkar skoðanir fengu að njóta sín. Ráðstefnugestir voru amk 280 og úr nánast öllum heiminum, frá Nýja Sjávarlandi, Bandaríkjunum og Evrópu. Dómarafélögunum var boðin þátttaka sem og landsliði LH. Unnið var úr ráðstefnunni í framhaldinu t.d. með skoðunarkönnun þáttakenda sem er gott veganesti fyrir næsta ráðstefnu sem mun fara fram haustið 2023. Ráðstefnan

Símenntunarkerfi þjálfara og reiðkennara LH

FEIF gerir lágmarkskröfur til símenntunnar til að halda sér á lista FEIF yfir þjálfara og reiðkennara. Símenntunareglur Menntanefndar LH eru birtar á heimasíðu LH undir “Menntun” <https://www.lhestar.is/is/menntun/endurmenntun>. Menntanefnd hefur bætt upplýsingar um auknar kröfur til endurmenntunnar, og þarf að halda því áfram. Unnið er í að koma boðleiðir og kerfi í kringum það í góðan farveg innan skrifstofu LH.

“Dagur reiðmennskunnar” hjá hestamannafélaginu Fákivar kynnt sem símenntunarleið og gátu gestir fengið uppáskriftað vottorð um þáttöku á staðnum.

Þjálfarastig LH

Þjálfarastig LH eru í samstarfi við ÍSÍ og Háskólann á Hólum. Hægt er að lesa um það á heimasíðu LH undir “Menntun”, <https://www.lhhestar.is/is/menntun/thjalfarastig-lh> . Vinna við að útfæra þetta er í gangi.

Menntakerfi LH

Grunnurinn að menntakerfi LH er að hvetja til menntunar og tryggja að bak við hvert stig liggur raunveruleg þekking og geta. Menntakerfi LH hefur tekið á sig nýja mynd eftir tilkomu Þjálfarastiga LH og er einnig komið inn á heimasíðuna <https://www.lhhestar.is/is/menntun>. Ný uppfærsla af kerfinu mun veita fleirum aðgang að endurmenntun og eru nokkrir aðilar að nýta sér þetta.

Framundan

Framundan mun Menntanefnd LH halda áfram að standa undir kröfum um aukna símenntun, bæði frá FEIF og ÍSÍ.

Á dagskrá er ný ráðstefna haust 2023. Ekki er ákveðið á hvaða formi hún sé.

Kynna þarf þjálfarastig LH fyrir almenningi, hestamannafélögum sem og framhaldsskólum, og stuðla að að það verði notað.

Hlutverk Menntanefndar

Hlutverk Menntanefndar LH er að stuðla að aukinni menntun innan hestamennsku og aukið aðgengi menntunnar þ.m.t. símenntun. Menntanefnd LH tryggir að staðlar og kröfur menntakerfisins sé fylgt eftir. Menntanefnd LH er í tengingu við Menntanefnd FEIF, ÍSÍ sem og opinberar menntastofnanir sem bjóða upp á nám í hestamennsku.

Fyrir hönd Menntanefndar LH
Mette Mannseth